

Aðalfundur Cruise Iceland

02.05.2023 – Fundur haldin kl. 16:00-17:00

Staður: Grána – Húsnæði sýningarinnar 1238 The Battle of Iceland,

Aðalgata 21 - Sauárkróki

Fundargerð:

Formaður Pétur Ólafsson bauð fundarmenn velkomna. Gerði hann tillögu um að Aðalheiður Borgþórsdóttir frá Höfnum Múlaþings yrði fundarstjóri og Þorleifur Þór Jónsson frá Íslandsstofu væri fundarritari. Það samþykkt samhljóða.

Fundinn sóttu 30 fulltrúar aðildarfyrirtækja skv meðfylgjandi lista. Þar sem til fundarins hafði verið boðað í samræmi við samþykktir og engar athugasemdir voru gerðar skoðast hann löglegur.

Henný Lind Halldórsdóttir, Samskipum flutti skýrslu stjórnar sem einnig lá frammi í prentuðu formi .

Emma Kjartansdóttir frá Iceland Travel fór yfir ársreikninga fyrir árið 2022 og fjárhagsáætlun fyrir árin 2023 og 2024. Niðurstaða rekstrar 2022 var 2.558.927 í hagnað í stað 1.579.897 í hagnað árið áður. Erfitt er að bera saman einstaka rekstrarliði þar sem talsverð breyting varð á starfseminni við að gerður var samningur við Íslandsstofu um rekstur. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 710.000 í hagnað árið 2023 en tap upp á 1.245.000 árið 2024. Stafar það aðalega af kostnaði vegna þjónustukönnunar sem til stendur að framkvæma.

Voru ársskýrsla, reikningar og fjárhagsáætlun samþykkt án frekari umræðu.

Eftirfarandi tillaga um stjórn fyrir árið 2023 var flutt og samþykkt. Stjórnarmeðlimir eru kosnir ár í senn.

Aðalmenn:

Emma Kjartansdóttir, Iceland Travel
Sigurður Jökull Ólafsson Faxaflóahafnir sf.
Anna Gunnlaugsdóttir, Ferðaskrifstofan Atlantik
Blængur Blængsson, Samskip
Pétur Ólafsson, Hafnasamlag Norðurlands

Varamenn:

Aðalheiður Borgþórsdóttir, Hafnir Múlaþings
Dagur Þór Baldvinsson, Sauðárkrókshöfn
Íris Jóhannsdóttir, Gára
Hilmar Kristjánsson Lyngmo, Ísafjarðarhöfn
Hafsteinn Garðarsson, Grundarfjarðarhöfn

Gerð tillaga um að KPMG verði löggittir endurkoðendur – samþykkt.

Emma flutti einnig tillögu stjórnar um árgjald. Var samþykkt að það yrði 340.000 fyrir árið 2023 og miðað er við í áætlunum að það verði 360.000 árið 2024 en tillaga þess efnis verður lögð fyrir næsta aðalfund

Önnur mál.

Ingi Þór frá Nonna Travel spurði hvort félagsmenn hefðu áhyggjur af þeirri neikvæðu umræðu sem væri komin upp vegna fyrirsjáanlegs álags sem verður næsta sumar. Pétur svarað til að sú vinna sem hefði verið unnin með Ingvari hjá Cohn og Wolf hefði haft áhrif til að snúa umræðunni. Staða innviða væri sumstaðar áhyggju efni en það er ekki síður vegna almennrar fjölgunar. Ef allar spár ganga eftir þá verða skipafarþegar mögulega um 250.000 en bara fjölgun almennra ferðamanna er áætluð 500.000. Pétur og Sigurður Jökull ræddu málið og bentu á að samráð sem hefur verið haft við ferðapjónustu aðila á svæðunum hefur haft mjög jákvæð áhrif. Heilt yfir þá hefur samstarf við SAF og eins ráðamenn gefið góða raun og líkur eru á að það verði hægt að lágmarka neikvæðni. Bent var á að skipin væri hvað besta leiðin til að jafna fjölda ferðamanna um landið. Landtaka utan hafna verður

þó að vera stýrt í nánun samstafi við landeigendur. Mikill samhljómur um að sveitarfélögin séu með í ráðum og vinni að bættri aðstöðu og góðu samráði við heimamenn og alla hagaðila.

Aðalfundi formleg slitið kl 17.

Að því loknu var sýningin 1283 sem fjallar um Sturlungaöldina skoðuð. Farið í skoðunarferð í Glaumbæ og að endingu í kvöldverð á veitingahúsinu Sauðá.

Fundargerð ritar ÞÞJ.

Fundargestur

Linda Lea Bogadóttir
Heba Guðmundsdóttir
Sigfús Ólafur Guðmundsson
Anna B. Gunnarsdóttir
Hilmar Lyngmo
Heimir G. Hansson
Sigurður Jökull Ólafsson
Gísli Jóhann Hallsson
Helga Snót Jónsdóttir
Henný Lind Halldórsdóttir
Þorgils Heimisson
Blængur Blængsson
Valgeir Ægir Ingólfsson
Iris Johannsdóttir
Jóhann Bogason
Dagur Baldvinsson
Benjamin Þorvaldsson
Ingi Þór Guðmundsson
Bergný Margrét Valdimarsdóttir
Ingunn Hjaltalín Ingólfssdóttir
Emma Kjartansdóttir
Dóra Björk Gunnarsdóttir
Viðar Einarsson
Pétur Ólafsson
Hafsteinn Garðarsson
Anita Elefsen
Þórir Örn Gunnarsson
Gauti Jóhannesson
Aðalheiður Borgþórsdóttir
Þorleifur Þór Jónsson

Fyrirtæki

Fjallabyggð
Sveitarfélagið Skagafjörður
Sveitarfélagið Skagafjörður
Atlantik
Hafnir Ísafjarðarbæjar
Hafnir Ísafjarðarbæjar
Faxaflóahafnir
Faxaflóahafnir
Samskip
Samskip
Samskip
Samskip
Fjarðabyggð
Gára ehf
Gára ehf
Skagafjarðarhafnir
Þorlákshöfn
Nonni Travel
Iceland Travel
Iceland Travel
Iceland Travel
Vestmannaeyjahöfn
Vestmannaeyjahöfn
Hafnasamlag Norðurlands
Grundarfjarðarhöfn
Siglufjarðarhöfn
Norðurþing
Hafnir Múlaþings
Hafnir Múlaþings
Íslandsstofa